

Heimspeki við aldarbyrjun

eftir Ástu Kristjönu Sveinsdóttur

En er ekki heimspekin dauð?

Nýlega hitti ég niðri í Austurstræti gamla kunningjakonu sem ég hafði ekki séð síðan í menntaskóla. Við skiptumst á kveðjum og tókum tal saman um hvað við erum að gera þessa dagana. Þegar ég sagðist vera að skrifa doktorsritgerð í heimspeki úti í Boston hváði hún og spurði svo: en er ekki heimspekin dauð? Það lá við að ég tæki undir orð frægs manns sem sagði: „Sögusagnir um dauða minn eru stórlega ýktar“. Í staðinn spurði ég náttúrulega eins og heimspekingi sámir: hvaða liggur til grundvallar þessari skoðun þinni?

Það kom í ljós við nánari skoðun að kunningjakona mín hafði ákveðna hugmynd um hvað heimspeki væri, sem ég held að hún sé ekki ein um að aðhyllast. Samkvæmt þessari hugmynd fæst heimspekin við að smíða fræðilegar kenningar um hinar ýmsustu meintar andstæður í vestrænum menningarheimi, þ.á.m. karl/kona, rök hugsun/tilfinningar, eðli/umönnun. Þar sem svo búið er að sýna fram á að þessar meintu andstæður eru ekki raunverulegar andstæður liggur

beinast við að álykta að nú sé heimspekin dauð og heimspekingar atvinnulausir. Eða hvað?

Ég skildi við kunningjakonu mína og hélt svo áfram ferð minni um götur Reykjavíkur líkt og listamaður hefði gert eftir að dadaistarnir tilkynntu að listin væri dauð. Hvernig gat listamaður haldið áfram að skapa fyrst listin var dauð? Var nokkuð annað að gera en pakka saman penslunum og snúa sér að einhverjum öðrum starfa? Sennilega ekki, ef það hefði bara verið sjálf listin sem dó. Báru ekki dadaistarnir sjálfir þess vitni að listin lifði enn góðu lífi? Jú. Það sem dó með tilkynningum dadaistanna forðum var ákveðin hugmynd um hvað list er og um hvað hún ætti að vera. Þetta var sú hugmynd að listin snerist fyrst og fremst um fegurðina; að tilgangur listaverks væri að sýna manneskjunni fegurðina í einhverri mynd. Þetta þýddi náttúrulega ekki að listin ætti bara að fást við það sem samfélagsþegnum þætti fallett þá og þá stundina, heldur átti hún einmitt meðal annars að hjálpa okkur að sjá fegurðina þar sem við áður sáum aðeins ljótaleikann. Þess vegna hafði

verið allt í lagi þótt það sem impressjónistarnir máluðu á striga þætti fyrst í stað ljótt ef bara með tímanum fólk lærði að sjá fegurðina í því (sem það og gerði).

Hvernig fóru dadaistarnir svo að því að sýna fram á að þessi ákveðna hugmynd um hvað list væri og hvað hún ætti að fást við væri dauð? Með því að bera á borð fyrir alþjóð eitthvað sem var listaverk en aldrei yrði annað en herfilega ljótt, aldrei yrði álitid fallett. Á þann hátt sýndu þeir fram á að listin hlyti að geta snúist um eitthvað annað og meira en fegurðina.

Reyndar var það svo að hugmyndin um listina, sem dadaistarnir höfðu haft svo mikinn ímugust á, var aldeilis ekki algilt fyrirbæri, meira að segja ekki í listasögu Vestur-landa. Til dæmis sýnir grótesk kirkju-list miðalda svo ekki er um að villast að listin hefur ekki alltaf verið álitin snúast um fegurðina. Sömu sögu er að segja um hugmyndina sem gagnrýni á vestræna heimspekihefð beinist að, þ.e., hugmyndina að heimspeki snúist um að koma með fræðilegar kenningar um heilagar andstæður í vestrænum

hugmyndaheimi. Þessi hugmynd á sér ekki marga vini meðal heimspekinga sjálfra. Sannarlega mundi ég taka undir jarðsöng yfir heimspækinni ef hún snerist um þetta. Hins vegar held ég að þessi hugmynd hafi svo gott sem aldrei tekið á sig veraldlega mynd. Jarðsöngurinn yrði yfir tómri kistu.

Líf á nýrri öld

Heimspekin lifir sumsé góðu lífi, en hvers konar líf er það? Hvaða viðfangsefni eru heimspækileg og hvaða tengsl hafa þau við hið hversdagslega og við aðrar fræðigreinar? Það ber gróskunni í heimspækinni vitni að alls ekkert samkomulag er um hvað heimspeki sé og hvað hún eigi að fást við. Ég ætla hér aðeins að lýsa því hvaða augum ég lít á heimspeki og viðfangsefni hennar.

Að mínum dómi á heimspekin að hafa rætur sínar í hinu hversdagslega. Hér á ég ekki við að heimspækilegar spurningar eigi endilega að geta vaknað hversdags, enda þótt ég haldi að það gerist oft en nokkurn grunar, né heldur að það sé slæmt að heimspekingar fáist við viðfangsefni sín á mjög óhlutbundinn hátt; þvert á móti er ákveðin abstraksjón nauðsynleg til að sjá viðfangsefnið í skýrara ljósi. Það sem ég á við er að það verður að vera hægt að tengja heimspækilegar vangaveltur á einhvern hátt við viðfangsefni eða spurningar sem vakna hversdags. Dýpstu

spurn-ingarnar eru gjarnan ofureinfaldar: eru upplýsingar um erfðir eitthvað sem ganga á kaupum og solum? Hvert er samband hugans og líkamans? Hins vegar eru svörin við einföldum spurningum ekki alltaf einföld og það er þegar við leitumst við að svara þessum spurningum sem við yfirgefum hversdagsleikann og gerumst abstraktþenkjandi. Þessi krafa, sem beint er að heimspekingum, er í raun krafa um réttlætningu þess að fást við þau viðfangsefni sem við fáumst við. Tengslin geta verið afar langsótt, en þau verða að vera til staðar.

Krafan um tengslin við hið hversdagslega tengist þeirri hugmynd að heimspeki sé húanísk fræðigrein og eigi að fást við að skilja og finna meiningu í mannlegum veruleika. Hægt er að gera það með ýmsu móti. Til dæmis er hægt er að smíða kenningar um hlutina og svo er líka hægt að segja sögu. En það sem gerir heimspékina ólíka öðrum fræðigreinum er hvers konar kenningar settar eru fram í hennar nafni og hvers konar sögur sagðar. Heimspekingar leita fyrst og fremst að rök-tengslum milli hluta og niðurstöður þeirra eru studdar rökum. Þetta er ólíkt því sem góður rithöfundur gerir þegar hann leitast við að sjá meiningu í hlutunum, ekki með rökrænum aðferðum, heldur með því að nota þau hugrænu tengsl eða tilfinningatengsl,

sem lesandi hefur við það sem um er rætt. Þetta er einnig ólíkt því sem félagsvísindamaður gerir þegar hann notar empirískar aðferðir til að styðja kenningar um orsakasambönd.

En það eru ekki bara ólíkar aðferðir sem skilja heimspeki frá öðrum fræðigreinum, heldur líka hvernig spurninga við heimspekingar spyrjum. Við erum ekki fyrst og fremst að leita svara við spurningum um hvernig hlutirnir séu, heldur af hverju þeir séu svoleiðis, og hvort þeir þurfi að vera þannig, og stundum jafnvel spyrjum við um hvernig hlutirnir eigi að vera.

Enda þótt ég telji að heimspekingar og annað fræðafólk hafi flestum tilfellum áhuga á ólíkum spurningum þá eru þessar spurningar oft tengdar og það getur verið mikið gagn af því fyrir fræðafólk á ólíkum sviðum að bera saman bækur sínar. Heimspekingar þurfa að hafa vel grundaða skoðun á því hvernig hlutirnir eru til þess að geta spurt hvernig þeir geti eða eigi að vera og nauðsynlegt er fyrir fræðafólk í öðrum greinum að beina gagnrýnum augum að forsendum og aðferðum fræða sinna.

Heimspeki, háskóli, og samfélag

Samtal milli fræðafólks í ólíkum greinum er ekki einungis til þess að viðkom-

andi fræðimenn geti svo farið aftur til síns heima með frjóar hugmyndir. Sum viðfangsefni eru þverfagleg og kalla á að fólk í ólíkum fræðigreinum vinni að einhverju leyti saman. Ekki er síst þörf á fræðilegu framlagi þegar um er að ræða veigamiklar spurningar sem snerta þjóðfélagið í heild. Sem dæmi má nefna rannsóknir í heilbrigðisvísindum, stóriðju, jafnréttismál, og inngöngu í Evrópusambandið. Hlutverk heimspekinga í þess háttar umræðu er ekki að vera siðapostullar. Þvert á móti er það andstætt heimspekilegri hugsun að troða skoðunum ofan í fólk. Heimspekingur fæst við að líta á málið frá eins mörgum hliðum og hægt er, koma með rök og mótrök fyrir því að hallast að ákveðnum skoðunum, og benda á hvaða gildi liggja þeim að baki. Þetta þýðir náttúrulega ekki að heimspekingarnir sjálfir eigi ekki að viðra eigin skoðanir. Þvert á móti getur það verið mjög uppbyggilegt innlegg í umræðuna að koma með ígrundaðar skoðanir settar fram af rökfestu. En enginn skyldi aðhyllast sömu skoðanir af neinum öðrum ástæðum nema að rökin fyrir þeim séu góð og gildin, sem búa þeim að baki, þau gildi sem viðkomandi vill aðhyllast. Að aðhyllast einhverja skoðun einungis vegna þess að einhver fræðimaður eða pólitíkus predikar þá skoðun á ekki heima í nútímaþjóðfélagi. Nútímaþjóðfélag krefst þess að þjóðfélagsþegnar taki virkan

þátt í skoðanaskiptum um hvert þjóðarfleyinu skuli stefnt og forsenda fyrir þess háttar þátttöku er að fólk beiti eigin dómgreind til að komast að eigin niðurstöðum.

Sjálfs gagnrýni er eins nauðsynleg samfélaginu í heild sem einstaklingum. Sjálfs gagnrýni einstaklinga er ekki narsissísk naflaskoðun, heldur nauðsynleg forsenda þess að láta ekki reka á reiðanum, vera höfundur eigin gjörða. Samfélagsleg sjálfs gagnrýni er að sama skapi nauðsynleg heilbrigðu lífi samfélagsins sjálfs. Hvernig förum við að því að rækta og hlúa að samfélagslegri sjálfs gagnrýni? Veigamikill þáttur í því er að við áttum okkur á mikilvægi háskólans og akademískrar umræðu almennt. Seinustu ár hefur verið lögð rík áhersla á tengsl háskólans við atvinnulífið og hlutverk hans í að undirbúa nemendur undir virka þátttöku á atvinnulífnum. En háskólanum ber ekki síður að undirbúa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðis samfélagi og að hlúa að þeim gildum sem þess háttar samfélag byggir á, þ.m.t. frjálsum og málefnalegum skoðanaskiptum. Þetta gerir háskólinn með ýmsu móti, meðal annars með því að örva og þjálfa nemendur í að beita eigin dómgreind til að móta með sér vel ígrundaðar og rökstuddar skoðanir. En hlutverk háskólans er ekki síst að vera vettvangur þar sem tóm gefst til að

kryfja skoðanir og hugmyndir til mergjar, þar sem rannsóknir á staðreyndum, kenningum, og gildum geta farið fram óháðar tískustraumum, markaðsöflum, og pólitísku þrasi.

Heimspekin er sumsé ekki einangrað fyrirbæri sem lesa má um í rykföllnum bókum. Hún snertir okkur öll; er nauðsynlegur partur af lífi okkar allra hvort sem við áttum okkur á því eður ei. Gamall kennari minn sagði einu sinni við mig að heimspekin væri of erfið okkur manneskjunum. Sannarlega er hún erfið, en of erfitt yrði okkur manneskjunum lífið án hennar.

© Ásta Kristjana Sveinsdóttir 2002